

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**16. október 2018**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60%**

Borgarstjórn samþykkir að lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60% þegar á árinu 2019.

**Greinargerð**

Fasteignaskattsprósenta af atvinnuhúsnæði hefur verið óbreytt um margra ára skeið eða 1,65% af fasteignamati. Í sáttmála meirihluta er gert ráð fyrir að hún lækki í 1,60% í lok kjörtímabils eða um 0,05%. Samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkur er gert ráð fyrir að tekjur vegna fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði og opinberu húsnæði muni nema 15,5 milljörðum.

Samkvæmt nýju fasteignamati fyrir árið 2019 hækkar atvinnuhúsnæði um 16,6%. Þetta leiðir að óbreyttu til hundraða milljóna króna í aukna skattheimtu á heimili og fyrirtæki. Fasteignagjöld eru óheppileg skattheimta á fyrirtæki þar sem þau leggjast á eigið fé þeirra óháð afkomu og skuldsetningu. Ekki þarf að fjölyrða um áhrifin, nú þegar hægir á vexti í hagkerfinu, auk þess að launaskrið hefur verið umtalsvert á síðustu árum. Því þolir atvinnulífið í borginni síður slíkar hækkanir og þær skerða samkeppnisstöðu fyrirtækja í borginni gagnvart fyrirtækjum í sveitarfélögum með lægri skattheimtu. Af 10 stærstu fyrirtækjum landsins hafa eingöngu 4 höfuðstöðvar í Reykjavík.

Ef lækkunin kæmi til framkvæmda á næsta ári myndu skattar borgarinnar á atvinnuhúsnæði, samkvæmt spá greiningardeildar Arion banka, verða rúmlega 420 milljónum króna lægri en ella. Þrátt fyrir það yrðu þær tæplega 1,6 milljörðum króna hærri en árið áður vegna ofangreindrar hækkunar fasteignamats. Í sömu greiningu kemur fram að horfur eru á að fasteignaskattar geti jafnvel numið 70% kostnaðar leigufélaga á næsta ári. Ekki þarf að taka fram hvaða áhrif þetta hefði á leiguverð í borginni, en vandi á leigumarkaði hefur verið mikill síðustu árin.

Áætlað er að lækka þessar álögur á fasteignir í lok kjörtímabils en borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óttast að það verði of seint. Því er lagt til að fasteignagjöld á fyrirtæki lækki um 0,05% þegar á árinu 2019.